



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

SMFÉ1ÍL03

Kennari	Ólöf Ósk Óladóttir olof.oladottir@fss.is Íris Lind Björnsdóttir, iris.lind.bjornsdottir@fss.is Sunnna Pétursdóttir, sunna.petursdottir@fss.is Jóhann Jóhannsson, johann.johannsson@fss.is Valgerður Guðbjörnsdóttir valgerdur.gudbjornsdottir@fss.is Helena Rut Borgarsdóttir helena.borgarsdottir@fss.is Magnús Einþór Áskelsson, magnus.askelsson@fss.is Thelma Dögg Árnadóttir, thelma.dogg@fss.is Kristín María Birgisdóttir – kristin.maria@fss.is	        
	Viðtalstími	Mánudaga, kl. 14.00-14.40, stofa 221
Námsefni	Landafræði Íslands – lesbók og vinnubók Höfundur: Ólöf Ósk Óladóttir, 2026. Bókin er seld á bókasafni skólans.	
Áfangalýsing	Unnið verður með Ísland og Íslandskortið. Farinn verður hringur um landið og hin ýmsu sveitarfélög landsins kynnt. Skoðaðir verða nokkrir sameiginlegir þættir sveitafélaganna, ásamt því að skoða hvað gerir þau ólík. Áfanginn er kenndur þrisvar í viku.	
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Námsmat verður fjölbreytt og verður á formi lotuverkefna, vinnubókar og þátttöku í tímum. Tekin verða þrjú lotuverkefni sem gilda 10% hvert. Vinnubók verður metin tvisvar á önninni og gildir 20% hvort skipti. Unnin verða ýmis tímaverkefni sem gilda 20%.	
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐
	Sleppikerfi ☐	
	Heiti	Vægi
	Vinnubók (x2)	40 %
	Lotuverkefni (x3)	30 %
	Virkni i kennslustund	10 %
	Tímaverkefni	20 %
Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.	

Grunnbættir menntunar	Læsi: Nemendur læra að skilja texta, vinna með upplýsingar og nota fjölbreytta miðla og tækni í námi. Kortalæsi er jafnframt mikilvægur þáttur áfangans þar sem unnið er með kort, táknalista, mælikvarða, áttir og staðsetningu. Sjálfbærni: Áhersla er lögð á ábyrgð gagnvart samfélagi og umhverfi. Í námsefninu er meðal annars fjallað um náttúruvernd, friðuð svæði og þjóðgarða, nýtingu jarðhita og vatnsafls og samband manns og náttúru. Lýðræði og mannréttindi: Nemendur taka þátt í námi sínu, vinna með upplýsingar og verkefni og fá tækifæri til að tengja námið við eigin áhuga, meðal annars í lokahlutanum <i>Mitt Ísland</i>. Jafnrétti: Allir nemendur eiga að fá tækifæri til að læra og þroskast á sínum eigin forsendum.
------------------------------	--

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á - nöfnum sveitarfélaga víðsvegar um Ísland - helstu kennileitum ákveðinna staða - vinsælum ferðamannastöðum á Íslandi	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: - nefna og aðgreina bæjarfélög á Íslandi - setja sig í spor ferðamanns og ferðast á hina ýmsu staði - leita mismunandi leiða í vinnuferlinu - nálgast viðfangsefni á mismunandi hátt - að beita mismunandi aðferðum í vinnuferlinu
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: - ferðast um landið og taka þátt í umræðum um náttúruperlur Íslands - taka eftir ólíkum viðfangsefnum - greina á milli aðal- og aukaatriða - hlusta á sjónarmið annarra af víðsýni - lesa í og/eða nýta sér mismunandi upplýsingar í umhverfinu - tjá eigin skoðanir	

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19.-21. ágúst	Kynning á áfanga - Bæjarhátíðir	
2. vika 24.-28. ágúst	Ferðalag um Ísland	
3. vika 31. ágúst-4. september	Suðurland	
4. vika 7.-11. september	Suðurland	
5. vika 14.-18. september	Austurland	Samskiptadagur 14. september
6. vika 21.-25. september	Austurland	Lotuverkefni 1
7. vika 28. september-2. október	Norðurland	
8. vika 5.-9. október	Norðurland og Vesturland	Fyrri skil á vinnubók
9. vika 12.-16. október <i>Námsmatsdagur 12. okt. Miðannarmat 13. okt.</i>	Vesturland	
10. vika 19.-23. október <i>Vetrarleyfi 23. október</i>	Vestfirðir	Lotuverkefni 2
11. vika 26.-30. Október <i>Vetrarleyfi 26. október</i>	Vestfirðir	
12. vika 2.-6. nóvember	Hálendið	
13. vika 9.-13. nóvember	Hálendið	
14. vika 16.-20. nóvember	Höfuðborgarsvæðið	
15. vika 23.-27. nóvember <i>Dimissio 27. nóvember</i>	Suðurnes	Lotuverkefni 3
16. vika 30. nóvember-4. desember	Mitt Ísland	Seinni skil á vinnubók

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Ólöf Ósk , Íris, Sunna, Jóí, Vala, Helena, Maggi, Thelma og Kristin